



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMÍÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi

**Málþing Akureyri
13. desember
2010**

**Skotveiðitengd
Ferðapjónusta
Þróunarmöguleikar í
dreifðum byggðum**

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi

- Verkefnið er hluti af North Hunt sem er alþjóðlegt rannsóknaverkefni.
- Töluverð útgjöld fylgja skotveiðum.
- Þessi útgjöld hafa efnahagsleg áhrif
- Sérstaklega áhugavert að skoða hver áhrifin eru í veiðihéruðunum
- Hvaða máli skiptir það fyrir hérað að þar sé stunduð skotveiði?

Efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi

- Aðferðin sem notuð er í þessari greiningu er aðfanga- og afurðagreining (input – output)
 - Peningarnir eltir.
- Hefur kosti og galla, í þessari aðferð verður ávallt að áætla einhverjar stærðir.
 - Fullkomnar upplýsingar ekki til.

Flæði fjármuna og sköpun starfa

- Hægt að koma með fjármuni inní samfélag með tveimur megin leiðum.
- Með því að afhenda féð einfaldlega einhverjum einstaklingum í samfélaginu.
 - Í skiptum fyrir vinnu.
 - Eða jafnvel sem einhverskonar styrk.
- Hins vegar í gegnum kaup á vöru og þjónustu
- Mismunur á áhrifum þessara tveggja leiða.

Flæði fjármuna og sköpun starfa

- Gert er ráð fyrir að fjórðungur (25%) afhentra fjármuna fari í útgreidd laun til annarra.
 - Að hluta í gegnum skatta
 - Að hluta í gegnum neyslu
- Mismunandi hvað stór hluti fjármuna sem eytt er í kaup á vöru og þjónustu endar sem útgreidd laun.
 - Almennt gert ráð fyrir 18% í þessari rannsókn.

Hreindýr

- Áhugaverðustu veiðarnar út frá hagfræði.
- Skýrt afmarkað landsvæði.
- Engin hreindýr þar fyrir utan.
- Langt frá suðvesturhorninu.

Hreindýr

- Og hefst nú eftirförin eftir peningunum.

Vöru og þjónustukaup veiðimanna

Upphæðir í íslenskum krónum	Hlutfall veiðimanna sem eyða í þennan þátt	Meðaleyðsla á Austurlandi (þeirra sem borga)	Áætlað hlutfall af veltu í launakostnað í greininni	Launa- kostnaður
Matur, drykkur og veitingar	93,1%	8.286	0,22	1.697
Gisting	55,7%	13.075	0,28	2.039
Eldsneyti	97,0%	9.274	0,04	360
Samgöngur (flug/rúta)	18,5%	2.630	0,27	131
Leiga á bílum eða fjórhjólum	38,3%	14.321	0,25	1.371
Veiðibúnaður	77,5%	3.685	0,16	457
Fatnaður	49,3%	1.349	0,19	126
Leiðasögn og kjötmeðhö.	sjá næsta kafla			
Minjagripir	16,8%	4.949	0,17	141
Sjúkragögn	16,3%	1.435	0,16	37
Afþreying	38,5%	3.652	0,3	422
Annað	48,6%	8.000	0,19	739
Samtals eytt á Austurlandi		39.845	0,189	7.521

Vöru og þjónustukaup veiðimanna

- Árið 2009 voru 1.333 dýr felld
- Samtals áætlað að hreindýraveiðimenn hafi því eytt um 53 mkr í vöru og þjónustu á Austurlandi.
- Þar af hafi um **9,0 mkr** farið í útgreidd laun í þjónustugeiranum á Austurlandi.

Greiðslur til leiðsögumanns og vegna meðhöndlunar á kjöti

- Áætlað að greiðslur til heimamanna fyrir leiðsögn og meðhöndlun á kjöti hafi verið samtals 37,8 mkr árið 2009
- Þar af afhentir fjármunir **29,04 mkr** ,
- Þar af í laun í þjónustugeiranum **1,48 mkr**.

Greiðslur veiðimanna fyrir veiðileyfi

- Hreindýraveiðimenn greiddu 96,85 mkr fyrir veiðileyfi árið 2009.
- Þar af fóru 14,62 mkr til Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands
 - Af þessari upphæð líklega **8,72 mkr** afhentir fjármunir, fyrir vinnu.
 - Áætlað **0,41 mkr** í útgreidd laun í þjónustugeiranum.

Greiðslur veiðimanna fyrir veiðileyfi

- Landeigendur fengu restina eða 82,6 mkr. Ekki allir búsettir á Austurlandi.
- Áætlað að heimamenn hafi fengið **70,2 mkr.**
 - Þetta eru afhentir fjármunir.

Opinber framlög

- Náttúrustofa Austurlands fékk 6,7 mkr úr ríkissjóði vegna hreindýrarannsókna.
- Af þessari fjárhæð líklega um **4,10 mkr** í útgreidd laun og **0,39 mkr** í laun í þjónustugeiranum



Framtengsl og ruðningsáhrif

- Lítil framtengsl sjáanleg, gert er ráð fyrir einu starfi á Austurlandi vegna framtengsla.
- Ruðningsáhrif líklega lítil sem engin. Ekki gert ráð fyrir neinum ruðningsáhrifum.

Samtals

Upphæðir í íslenskum krónum	Afhentir fjármunir	Í laun vegna vöru- og þjónustukaupa
Vöru- og þjónustukaup veiðimanna utan leiðsögumanns	0,00	9,00
Greiðslur veiðimanns til leiðsögumanns og kjötmeðhöndlunar	29,04	1,48
Hlutur Umhverfisstofnunar af sölu veiðileyfa	6,30	0,18
Hlutur Náttúrustofu af sölu veiðileyfa	2,42	0,23
Hlutur landeigenda af sölu veiðileyfa	70,20	0,00
Opinber framlög til Náttúrustofu	4,10	0,39
Samtals	112,06	11,28

Hversu mörg störf skapast?

- Um **3,3 störf** eru hjá Umhverfisstofnun og Náttúrustofu.

0	9,00
29,04	1,48
6,30	0,18
2,42	0,23
70,20	0
4,10	0,39
112,06	11,28

Hversu mörg störf skapast?

- Gert var ráð fyrir 29,04 mkr til leiðsögumanna og kjötvinnslumanna.
 - Hvað er það ígildi margra starfa?

- Gert er ráð fyrir að meðallaun í þjónustu hafi verið 307.000 kr. á mánuði á Austurlandi árið 2009. 3,7 mkr/ári.

- 29,04 mkr jafngilda þá **7,8 störfum.**

	0	9,00
	29,04	1,48
	6,30	0,18
	2,42	0,23
	70,20	0
	4,10	0,39
	112,06	11,28

Hversu mörg störf skapast?

- Afhentir fjármunir til landeigenda skapa líklega engin bein störf.

- **Bein störf vegna afhentra fjármuna þá líklega um $3,3+7,8 = 11,1$**

0	9,00
29,04	1,48
6,30	0,18
2,42	0,23
70,20	0
4,10	0,39
112,06	11,28

Hversu mörg störf skapast?

- Hvert fara 112,06 mkr?
- G.r.f. Að 25% þessarar upphæðar fari í laun til annarra á Austurlandi (28 mkr). Síðan aftur 25% af því, og svo koll af kolli.
- Samtals 37 mkr
- Samsvarar 10 störfum

0	9,00
29,04	1,48
6,30	0,18
2,42	0,23
70,20	0
4,10	0,39
112,06	11,28

Hversu mörg störf skapast?

- Fjöldi starfa vegna afhentra fjármuna í tengslum við hreindýraveiðar eru því líklega:
- **11,1 beint starf**
- **10 óbein störf**
- Samtals **21,1 starf** vegna afhentra fjármuna.

Hversu mörg störf skapast?

- Áætlað að 11,28 mkr hafi farið í laun vegna kaupa á vöru og þjónustu.
- G.r.f. Að 25% þessarar upphæðar fari í laun til annarra á Austurlandi (2,8 mkr). Síðan aftur 25% af því, og svo koll af kolli.
- Samtals 15 mkr, samsvarar **4 störfum**

0	9,00
29,04	1,48
6,30	0,18
2,42	0,23
70,20	0
4,10	0,39
112,06	11,28

Samtals fjöldi starfa á Austurlandi vegna hreindýraveiða

	Starfafjöldi
Bein störf við umsýslu, rannsóknir og leiðsögn	11,1
Óbein störf vegna afhentra fjármuna	10,0
Óbeins störf vegna vöru- og þjónustusölu	4,0
Úrvinnsla afurða (framtengsl)	1,0
Samtals	26,1

Íbúafjöldi

- Að jafnaði eru um tveir íbúar um eitt fullt starf.
- Það ættu því að vera um 50 íbúar á Austurlandi sem eiga lífsafkomu sína undir hreindýraveiðum.

Hugleiðingar um áhrif

- Þýðir það að ef engin hreindýr væru á Austurlandi þá væru íbúar þar 50 færri en nú?
- Svareið byggir á annarri spurningu:
- Þeir sem nú eyða peningum í hreindýraveiðar á Austurlandi, myndu þeir samt sem áður eyða þar samsvarandi upphæðum ef engin væru hreindýrin?

Hugleiðingar um áhrif

- Það verður að teljast ólíklegt.
- Það er líklegt að þessir veiðimenn myndu eyða peningunum sínum annarsstaðar ef engin hreindýr væru á Austurlandi.
- Það er því líklegt að íbúar á Austurlandi væru upp undir 50 færri ef þar væru engin hreindýr.
 - Byggir einnig á þeirri forsendu að töpuð störf leiði af sér brottflutning fólks af svæðinu.

Er hægt að auka áhrifin?

- Líklega er hægt að auka efnahagslegu áhrifin af hreindýraveiðunum.
- Nýting hreindýra er ekki auðlindafræðilega skilvirk
- Ástæðan er að veiðileyfi eru seld á undirverði, happdrætti ræður hver fær leyfi á fyrirfram ákveðnu verði.

Er hægt að auka áhrifin?

- Hærri tekjur kæmu af auðlindinni ef veiðileyfi yrðu seld á markaðsverði.
- Meira fjárflæði til Austurlands.
- Beinust áhrif á landeigendur.
- Eyða ríkir veiðimenn meiru en fátækir?

Er hægt að auka áhrifin?

- Núverandi kerfi er fráhrindandi fyrir erlenda veiðimenn.
- Ætti að vera raunhæft að fá mun fleiri erlenda veiðimenn sem tilbúnir eru að eyða töluverðum fjármunum í veiðiferð.
- Líklega verður Ísland af gjaldeyristekjum sökum óskilvirks kerfis við hreindýraveiðar.

Önnur skotveiði á Íslandi

- Önnur skotveiði á Íslandi hefur einnig efnahagsleg áhrif í veiðihéruðum.
- Hún var skoðuð á sama hátt.
- Niðurstaðan var að 37 störf væru í veiðihéruðunum vegna þeirra.
- Almennar skotveiðar séu þá lífsviðurværi 75 íbúa í veiðihéruðunum.

Takk fyrir